

Aganefnd LH

Mál nr. 1/2011

Aganefnd LH kom saman 7. júní 2011. Í aganefnd eru Þorvaldur Sigurðsson formaður, Atli Már Ingólfsson hdl., og Sæþór Fannberg.

Tekið er fyrir mál nr. 1/2011:

Tekin er fyrir kæra Sögu Mellbin f.h. Belindu Sólar Ólafsdóttur, kt., 140898-2449, Hegranesi 26, 210 Garðabæ sem Aganefnd hefur borist með t-pósti þann 5. júní 2011, vegna keppnisréttar Belindu Sólar Ólafsdóttur á hestinum Flóka frá Sælukoti IS20005186787 á gæðingamóti Sörla sem haldið var í Hafnarfirði helgina 2. til 4. júní sl.

Málsatvik:

Málsatvik eru þau að keppandi í barnaflokki á gæðingamóti Sörla Belinda Sól Ólafsdóttir sem skráð hafði verið til keppni með hestinn Uglu frá Fróni, óskar eftir því að fá að breyta skráningu áður en mót hefst þann 2. júní. Breytingin er leyfð af starfsmanns í mótstjórn Sörla. Að kvöldi keppnisdags er forráðamanni Belindu tjáð af yfirdómnefnd að árangur hennar hafi verið felldur niður og henni vísað úr keppni þar sem óleyfilegt sé að breyta skráningu með þeim hætti sem gert hafi verið.

Aganefnd hefur óskað eftir rökstuðningi og sjónarmiðum yfirdómnefndar mótsins, en sæti í henni áttu þeir; Einar Örn Grant, Sigurður Emil Ævarsson, Sindri Sigurðsson og Magnús Sigurjónsson. Í rökstuðningi fyrir ákvörðuninni um frávisun frá keppni er vísað til þess að skrá þurfi á mót eftir auglýsingum félaga hverju sinni, sbr. reglur 2.8.5 og ekki síður reglu 2.8.6 en þar komi fram að „Strax að lokinni skráningu keppenda skuli keppnisröð þeirra ákveðin með úrdrætti“. Vitnar yfirdómnefnd til þess að þeir hafi stuðst við reglu 2.8.10.3 lið d. Ennfremur er vitnað til reglu 6.5. fyrir úrtöku fyrir landsmót. Ennfremur reglu 8.3.7 um rásröð, en skylt sé að halda rásröð og allar breytingar á henni séu bannaðar þó með samþykki hlutaðeigandi sé. Bendir yfirdómnefnd á að ef samþykkja eigi að hægt sé að breyta skráningu með þessum hætti sé það alger kúvending frá fyrri framkvæmd. Hafi einhverjum fjölda verið neitað um skráningu eða hestaskipti eftir að skráningu lauk hjá Sörla. Telur yfirdómnefnd að þessi túlkun sé alsráðandi í mótahaldi í gæðingakeppni á Íslandi.

Rök Sögu Mellbin f.h. Belindu eru þau að ef reglur 7.7, sbr. reglugerð LH um barna-, unglinga- og ungmennakeppni eða ákvæði 7.7.2 séu skoðaðar komi hvergi fram að bannað sé að skipta um hest eftir skráningu. Því byggji kæra yfirdómnefndar ekki á neinum lagalegum grundvelli. Vísar Saga ennfremur til þess að fordæmi séu alþekkt fyrir því í yngri flokkum að leyft sé að breyta um hest að skráningu lokinni. Vísar hún m.a til gæðingamóts Fáks sem haldið var nú í vor 2011. Þar hafi eigi færri en þremur keppendum verið leyfðar slíkar breytingar.

Forsendur fyrir niðurstöðu aganefndar:

Þau lagaákvæði úr „Lögum og reglugerðum um keppni á vegum LH“ sem yfirdómnefnd hefur vitnað til sem fyrir ákvörðun sinni eru efnisreglur sem fjalla aðallega um skyldur mótshaldara og reglur um framkvæmd móta. Þannig er í reglu

2.8.5. fjallað um verkefni framkvæmdanefndar er lúta að útgáfu mótsskrár. Í reglu 2.8.6 er fjallað um keppnisröð og að til hennar skuli dregið með útdrætti. Ennfremur vísar yfirdómnefnd til þess að hún hafi stuðst við d-lið greinar 2.8.10.3., en í henni er fjallað um yfirdómnefnd og heimildir hennar til viðurlaga. Jafnframt vitnar yfirdómnefnd til greinar 8.3.7 þar sem fjallað er um rásröð og framkvæmd við útrátt. Í lögum og reglum LH er ekki að finna beina efnisreglu sem bannar breytingar á skráningu keppenda í barna- eða unglingsflokkum eftir að skráningu er lokið. Sé það vilji mótshaldara að viðhafa slíka reglu á mótum sínum er það því mótshaldara sjálfra að auglýsa að breytingar séu ekki leyfðar eftir að skráningarfresti líkur og fylgja slíkri reglu eftir. Samkvæmt auglýsingu fyrir mótið sem birt var á vef Sörla þann 30. maí voru engar slíkar takmarkanir auglýstar. Aganefnd telur ljóst að fordæmi eru um að slíkar breytingar eru leyfðar hjá aðildarfélögum LH. Fara þarf þá eftir öðrum reglum LH þar um t.d. bendir Aganefnd á að í reglu 8.3.7, sem yfirdómnefnd hefur vitnað til, er beinlínis gert ráð fyrir því að hestur geti verið skráður eftir að rásröð hefur verið ákveðin, en þá þurfi slíkur hestur að hefja keppni á undan útdreginni rásröð. Samkvæmt 2. mgr. 7.7.1 reglugerðar LH um barna-, unglings- og ungmennakeppni er það ekki hesturinn, heldur knapinn sem vinnur til verðlauna í gæðingakeppni. Breyting á hesti eftir að formlegri skráningu líkur samræmist því ofangreindri grein, enda um sama keppanda að ræða. Aganefnd telur að reglur LH frá 2011 ekki leiða til þess að vísa hefði átt Belindu Sól Ólafsdóttur úr keppni á hestinum Flóka frá Sælukoti og því beri að ógilda ákvörðun yfirdómnefndar Sörla á umræddu móti og taka gildan árangur hennar á mótinu.

Niðurstaða aganefndar LH:

Úrskurður aganefndar er eftirfarandi:

Ákvörðun yfirdómnefndar frá gæðingamóti Sörla sem haldið var 2.-4. júní sl. um að fella árangur Belindu Sól Ólafsdóttur og hestsins Flóka frá Sælukoti er felld úr gildi og skal árangur hennar á mótinu standa.

Reykjavík 7.06.2011

Aganefnd L.H.

Þorvaldur Sigurðsson
Atli Már Ingólfsson, hdl.
Sæþór Fannberg